



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26.11.2014
Tilvísun vor: 00.11

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum (kerfisáætlun), 305. mál

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum (kerfisáætlun), 305. mál.

Landsvirkjun lýsir stuðningi við frumvarpið og hvetur Alþingi til að veita því brautargengi.

Landsvirkjun tekur jafnframt undir umsögn Samorku um frumvarpið, dags. 21. nóvember 2014.

Hér að neðan eru almennar athugasemdir Landsvirkjunar sem snúa að mikilvægi þess að flutningskerfi raforku sé skilvirkt og ekki háð þeim takmörkunum sem í dag eru á flutningi raforku milli einstakra landshluta.

Almennar athugasemdir

Flutningskerfi raforku er eitt af grunnkerfum nútíma samfélags og telur Landsvirkjun að hér sé um að ræða afar þýðingarmikið mál og að með þeirri breytingu á raforkulögum sem lögð er til fái kerfisáætlun þann sess sem henni ber, meðal annars að tekið verði tillit til hennar við gerð skipulags á öllum stigum. Í því sambandi þykir Landsvirkjun ástæða til að vekja athygli nefndarinnar á 2. mgr. 10. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010, en þar segir: „Í landsskipulagsstefnu eru samþættar áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun og er hún útfærð með tilliti til skipulags landnotkunar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Til grundvallar landsskipulagsstefnu skal leggja markmið laga þessara auk framangreindra áætlana. Þá skal eftir því sem við á hafa svæðis- og aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga til hliðsjónar.“ Í upptalningu er áætlun stjórnvalda um orkunýtingu og telur Landsvirkjun að ástæða væri til að bæta kerfisáætlun við enda er með frumvarpinu lagt til að hún fái stjórnáætlunlega afgreiðslu.

Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka afrakstur af þeim auðlindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir, með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Landsvirkjun á og rekur 14 vatnsaflstöðvar, tvær jarðvarmavirkjanir og tvær vindmyllur. Á árinu 2013 var heildarorkuvinnslan 12.843 GWh. Almennur og fyrirtæki gera miklar kröfur um afhendingaröryggi og gæði raforku og er flutningskerfið nú ekki fullnægjandi til að tryggja það. Jafnframt getur Landsvirkjun ekki hámarkað afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir vegna takmarkana við að flytja rafmagn milli landshluta, á þetta var t.d. bent í úttekt alþjóðlegs teymis sérfræðinga á sjálfbærni Blöndustöðvar sem



fram fór á sl. ári¹. Í raforkukerfi byggðu á vatnsorku þarf flutningskerfið að geta ráðið við þá flutninga sem skapast vegna breytileika í vatnsframboði við virkjanir, stöðu miðlana, stöðu orkusölu og viðhalds í virkjunum.

Landsvirkjun leggur áherslu á að á komandi árum verði meginflutningskerfi raforku styrkt, þannig að þær flutningstakmarkanir sem eru í kerfinu í dag verði úr sögunni og jafnframt búið í haginn þannig að hægt verði að anna aukinni rafmagnsnotkun. Hringtengingu landsins með 132 kV kerfi sem var lokið fyrir 30 árum var mikið framfaraspor. Fram til þess tíma var engin eða veik tenging milli landshluta, sem bæði takmarkaði möguleika til að mæta raforkuþörf víða á landinu. Þetta kerfi er komið til ára sinna og er fyrir löngu komið að endimörkum og ljóst að á næstu árum þarf að fjárfesta umtalsvert í endurbótum og nýframkvæmdum vegna meginflutningskerfisins.

Að mati Landsvirkjunar þarf að gera ráð fyrir að meginflutningskerfi framtíðarinnar verði á 220 kV og 400 kV spennu og að það hafi næga flutningsgetu til að mæta þeim margbreytilegu aðstæðum sem upp koma í kerfinu, bæði við eðlilegan rekstur og við truflanir. Þarf flutningsgetan alltaf að vera miðuð við að byggt sé upp til langs tíma og að búið sé í haginn fyrir að hægt verði að breyta flutningsvirkjum til að auka flutningsgetuna í takt við þörf. Kerfið þarf að vera þannig hannað að bæði sé hægt að bæta við flutningi vegna nýrra notenda og aukinni almennri raforkunotkun. Þá þarf flutningskerfið að geta brugðist við bilunum hvar sem er í kerfinu auk straumrofs vegna viðhalds á búnaði. Takmörkuð flutningsgeta milli landssvæða getur valdið skerðingu á afhendingu raforku til notenda á tilteknu landssvæði þó næg orka og nægt afl sé til staðar í raforkukerfinu til að mæta orkuþörf í landinu. Slík staða samræmist ekki markmiðum þess lagaumhverfis sem vinna á eftir og slíkt getur valdið mismunun á milli fyrirtækja.

Nú er hafin uppbygging orkufreks iðnaðar á Norðurlandi, með verksmiðju Becromal á Akureyri og áform eru um uppbyggingu iðnaðar á iðnaðarlóð á Bakka við Húsavík og hugsanlega á fleiri svæðum í framtíðinni. Ekki er hægt að auka orkusölu á þessum svæðum miðað við núverandi flutningskerfi nema að til komi ný virkjun í nágrenni viðkomandi iðnaðarsvæða.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson
forstjóri

¹ http://www.hydrosustainability.org/IHAHydro4Life/media/ProtocolAssessments/PDF%20Reports/Blanda-Assessment_Final-Report-Dec-10-2013_1.pdf?ext=.pdf